

Borgarstjórn Reykjavíkur
15. mars 2016

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um flutning Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna, Höfuðborgarstofu og skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs í Ráðhús Reykjavíkur

Borgarstjórn samþykkir að flytja starfsemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík, Höfuðborgarstofu og skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs í Ráðhús Reykjavíkur. Markmið flutningsins er að spara húsnæðiskostnað og bæta þjónustu við ferðamenn. Jafnframt verði skoðaðir möguleikar á því að opna útibú frá Upplýsingamiðstöðinni í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar austar í borginni.

Greinargerð

Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík gegnir mikilvægu hlutverki í ferðapjónustu í borginni og á landsvísu. Talið er að um 370 þúsund erlendir ferðamenn hafi heimsótt upplýsingamiðstöðina á árinu 2015 eða um þriðjungur erlendra ferðamanna sem lögðu leið sína til Íslands það ár. Nokkuð þröngt er um starfsemina og er því æskilegt að finna henni heppilegra húsnæði þar sem rýmra eru um starfsemina og tækifæri til að veita ferðamönnum betri þjónustu, nú þegar stefnir í að yfirstandandi ár verði enn eitt metárið í ferðapjónustu. Margt bendir til að það henti vel að flytja Upplýsingamiðstöð ferðamála í Ráðhús Reykjavíkur. Húsið er á góðum stað í Miðbænum og var það beinlínis hannað með það í huga að straumur fólks lægi í gegnum það. Er aðalgangur Ráðhússins t.d. hannaður eins og göngugata með dyrum í þrjár áttir: suður, norður og austur. Með flutningi Upplýsingamiðstöðvarinnar í Ráðhúsið má búast við að gestum hússins myndi fjölga til muna og að þar með yrði skotið nýjum stöðum undir reksur kaffihúss eða veitingastaðar í húsinu. Upplýsingamiðstöðin er nú opin frá kl. 8-19 alla daga en ábendingar hafa borist um að hún mætti vera opin mun lengur fram á kvöld, a.m.k. yfir sumarið. Upplýsingamiðstöð ferðamála, Höfuðborgarstofa og skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs eru nú í leiguhúsnæði að Vesturgötu 1. Ljóst er að verulegar fjárhæðir myndu sparast með því að færa þessa starfsemi í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar eins og hér er lagt til. Hluta þess sparnaðar má nýta til að verja störf húsvarda í Ráðhúsinu enda ljóst að aukin starfsemi í húsinu kallar á trausta gæslu. Í ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna í Reykjavík er æskilegt að skoða kosti þess að opna útibú frá Upplýsingamiðstöðinni austar í borginni, t.d. í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar á Hlemmi, Höfðatorgi eða í Mjódd.